

Ársskýrsla 2025



Brunavarnir Suðurnesja bs.


Efnisyfirlit

Inngangur	3
Mannauður	4
Skipurit Brunavarna Suðurnesja.....	6
Heilsueftirlit.....	6
Stjórn Brunavarna Suðurnesja	7
Sjúkraflutningar	8
Samtímaútköll.....	9
Menntun	9
Slökkvilið	10
Tækjakostur slökkviliðsins	10
Æfingar.....	11
Almannavarnir	11
Bakvaktir yfir sumartímann	12
Búnaður	12
Forvarnarsvið - eldvarnareftirlit	13
Starfsmenn.....	13
Skoðanir, umsagnir og úttektir	13
Óleyfisbúseta.....	14
Sérverkefni og eftirlit.....	15
Kynningar fræðsla og forvarnir	15
Að lokum	16

Inngangur

Brunavarnir Suðurnesja bs. sinna sjúkraflutningum, slökkvistarfi, eftirliti og forvörnum á Suðurnesjum. Brunavarnir Suðurnesja eru reknar sem byggðarsamlag sem sveitarfélögin Reykjanesbær, Suðurnesjabær og Vogar standa að.

Í janúar 2026 var íbúafjöldi þessara sveitarfélaga samtals yfir 31.000 manns samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands. Keflavíkurflugvöllur er jafnframt hluti af starfssvæði Brunavarna Suðurnesja. Samkvæmt tölum frá Isavia fóru 8.159.461 farþegar um flugvöllinn árið 2025.



Einkunnarorð Brunavarna Suðurnesja er **Verndum líf, umhverfi og eignir**. Markmið starfseminnar er að veita skjótan, árangursríkan og öruggan viðbúnað við neyðartilvikum til að lágmarka tjón og stuðla að auknu öryggi samfélagsins.

Árið 2025 var viðburðaríkt hjá Brunavörnum Suðurnesja. Áfram var haldið í endurnýjun á búnaði og tækjum slökkviliðsins. Á árinu var köfunarflokkur slökkviliðsins formlega stofnaður og luku fyrstu starfsmenn Brunavarna Suðurnesja atvinnuréttindum í köfun.

Mikil áhersla var lögð á menntun starfsfólks, bæði slökkviliðsmanna og sjúkraflutningamanna, og var áfram unnið markvisst að því að efla faglega þekkingu og hæfni starfsfólks.

Einnig hófst vinna við undirbúning nýrrar brunavarnaráætlunar fyrir starfssvæðið. Sú vinna er nú langt komin og er brunavarnaráætlunin í samþykktarferli hjá aðildarsveitarfélögum Brunavarna Suðurnesja.

Í þessari skýrslu er farið yfir starfsemi Brunavarna Suðurnesja árið 2025, meðal annars hvað varðar mannauð, verkefni og þá þjónustu sem slökkviliðið veitir samfélaginu.

Mannauður

Aðalstarfsstöð Brunavarna Suðurnesja er staðsett í Reykjanesbæ að Flugvöllum 33, þar sem er sólarhringsvakt. Slökkvistöðin var tekin í notkun árið 2020 og er um 2.300 m² að stærð.

Önnur starfsstöð Brunavarna Suðurnesja er í Vogum að löndal 4. Sú stöð var byggð árið 2019 og er slökkviliðshluti hennar um 85 m² að stærð. Stöðin er mönnuð hlutastarfandi slökkviliðsmönnum.

Brunavarnir Suðurnesja hafa einnig aðgang að húsnæði í Sandgerði, að Strandgötu 17, sem nýtt er sem lagergeymsla fyrir búnað auk þess að nýtast sem kennsluaðstaða fyrir stærri verkefni og æfingar.

Í Ufsasundi Grindavík er húsnæði í eigu Brunavarna Suðurnesja. Er það hugsað fyrir sjúkraflutninga í Grindavík.

Brunavarnir Suðurnesja eru atvinnumannaslökkvilið með fasta viðveru allan sólarhringinn. Starfsfólk á útkallssviði vinnur samkvæmt 5-5-4 vaktakerfi með 12 tíma vöktum. Dagvinnustarfsmenn vinna frá kl. 08:00–16:00 á virkum dögum og frá kl. 08:00–12:00 á föstudögum.


Heildarfjöldi starfsmanna Brunavarna Suðurnesja árið 2025 var 59 sem skiptast þannig:

- 40 fastráðnir starfsmenn.
- 19 hlutastarfandi slökkviliðsmenn.

Við dagvinnu eru 9,5 stöðugildi sem skiptast á eftirfarandi svið:

- Launa- og bókhaldsdeild: 1,5 stöðugildi.
- Verkstæði og viðhald eigna og búnaðar: 1 stöðugildi.
- Útkallsdeild, stoðdeild og almannavarnarsvið: 2 stöðugildi.
- Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri. 2 stöðugildi.
- Forvarnarsvið: 3 stöðugildi.

Skipurit Brunavarna Suðurnesja



Heilsueftirlit

Í janúar og febrúar fer allt starfsfólk í læknisskoðun:

- Blóðprufur eru teknar og læknir fer yfir niðurstöður.
- Hjartalínurit og lungnamælingar eru framkvæmdar.
- Ef þörf er talin á, eða starfsfólk hefur náð vissum aldri, er boðað í viðbótarprófanir hjá hjartasérfræðingi.

Í mars og apríl eru framkvæmd þrekpróf í samræmi við heilsufarsstefnu LSOS.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja

Stjórn Brunavarna Suðurnesja skipa fimm fulltrúar frá aðildarsveitarfélögunum og skiptist hún þannig:

- Þrír fulltrúar frá Reykjanesbæ.
- Einn fulltrúi frá Suðurnesjabæ.
- Einn fulltrúi frá Vogum.

Formaður stjórnar á árinu 2025 var Trausti Arngrímsson frá Reykjanesbæ. Í upphafi árs 2026 tók Guðný Birna Guðmundsdóttir, einnig frá Reykjanesbæ, við sem stjórnarformaður.


Á árinu 2025 fundaði stjórn Brunavarna Suðurnesja átta sinnum.

Samstarf stjórnar og Brunavarna Suðurnesja var mjög gott á árinu. Uppbygging starfseminnar er í stöðugri þróun og framþróun, sem má meðal annars þakka góðum skilningi og stuðningi sveitarfélaganna á svæðinu. Þá hafa stjórn og slökkvilið unnið náið saman að stefnumótun og áframhaldandi uppbyggingu þjónustunnar fyrir starfssvæðið í heild.

Gott samstarf stjórnar, sveitarfélaga og Brunavarna Suðurnesja er lykilforsenda þess að hægt sé að halda áfram að efla öryggi íbúa, atvinnulífs og gesta á Suðurnesjum til framtíðar.

Sjúkraflutningar

Á árinu 2025 voru samtals 4.092 sjúkraflutningar, þar af 777 útköll út fyrir þjónustusvæði BS. Árið 2024 voru sjúkraflutningar 3.968, sem er aukning um 124 flutninga á milli ára




Á svæðinu eru fimm (5) sjúkrabílar sem eru reknir af Rauða Kross Íslands. Að öllu jöfnu eru 4 bílar staðsettir á aðalstarfstöð Brunavarna Suðurnesja að Flugvöllum 33 Reykjanesbæ og einn í Grindavík. Eftir rýmingu í Grindavík hefur bíll sem tilheyrði Grindavík verið staðsettur í Reykjanesbæ.

Brunavarnir Suðurnesja sinna sjúkraflutningum á Suðurnesjum með samningi við Sjúkratryggingar Íslands en sá samningur er byggður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Samtímaútköll

Tekið var saman hversu oft voru samtímaútköll á sjúkrabíla yfir árið 2025.



Að jafnaði eru mannaðir tvær áhafnir eða tveir sjúkrabílar klárir í verkefni. Umfram það þarf að kalla út mannskap eða nýta dagvinnufólk ef útkall er á þeim tíma.


Menntun

Reglulegar æfingar voru haldnar yfir árið í tengslum við sjúkraflutninga sem og endurmenntun sjúkraflutningamanna.

- Tveir starfsmenn komu heim frá Boston með bráðatæknimenntun
- Fjórir starfsmenn kláruðu framhaldsmenntun sjúkraflutninga
- Einn bráðatæknir kláraði Critical care á árinu.
- Tveir starfsmenn hófu bráðatæknimenntun á árinu og fjórir hófu framhaldsmenntun á árinu.

Slökkvilið

Á árinu 2025 fór slökkviliðið í 311 verkefni, sem samsvarar að meðaltali 26 verkefnum á mánuði. Þetta er aukning frá árinu 2024, þegar slökkviliðið fór í 234 útköll, eða aukning um 77 verkefni. Brunavarnir Suðurnesja starfa samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/2000 um eldvarnir.



Tækjakostur slökkviliðsins

Slökkviliðið hefur yfir að ráða fjölbreyttum og vel búnum tækjakosti til að sinna útköllum og öðrum verkefnum. Helstu ökutæki og búnaður eru eftirfarandi:

- Fjórir dælubílar með samanlagða dælugetu upp á 13.000 lítra á mínútu.
- Einn körfubíll með vinnuhæð allt að 32 metrum.
- Tankbíll til vatnsflutninga og stuðnings við slökkvistarf.
- Krókheysisbíll til flutninga á búnaði og sérhæfðum gámum.

- Kassabíll útbúinn fyrir loftbanka og eiturefnavarnir.
- Sexhjól og buggy sem nýtast sérstaklega við aðstæður þar sem aðgengi er erfitt.
- Sex þjónustubifreiðar sem nýttar eru við daglega starfsemi.

Æfingar

Haldnar voru mánaðarlegar æfingar fyrir vaktirnar og sérstakar æfingar fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn.

- Fjórir starfsmenn kláruðu framhaldsmenntun í slökkviliðsfræðum
- Þrír starfsmenn fengu atvinnukafari réttindi
- Langur laugardagur var haldinn í maí með öllu liðinu
- Námskeiðsdagur var haldinn fyrir bráðalækna og starfsfólk Landspítalans
- Námskeiðsdagur var haldinn fyrir lækna á öllu landinu í samvinnu við HSS,

Almannavarnir

Almannavarnarstig var í gildi alla 365 daga ársins og aðgerðarstjórnstöð var virk eða á bakvakt allt árið

Helstu verkefni voru eftirfarandi hjá AST

- 7 aðgerðir vegna eldgosa.
- 17 virkjanir vegna flugslysaáætlunar á Keflavíkurflugvelli.
- 1 aðgerð vegna sjávarflóða í Suðurnesjabæ.
- 4 aðgerðir vegna veðurs eða ófærðar.

Bakvaktir yfir sumartímann

Hlutastarfandi slökkviliðsmenn sinna bakvaktarskyldu yfir sumartímann. Þeim er skipt í vaktarhópa og hver hópur hefur bakvakt í þrjár helgar yfir sumarið. Skipulagið á bakvöktunum er að

- Bakvakt hefst á föstudegi og lýkur á sunnudagskvöldi.
- Laugardaga koma bakvaktir í hús og æfa með varðliði sem er á vakt.

Búnaður

Á árinu 2025 var farið í töluverða endurnýjun á búnaði:

- Toyota Rav bifreið fyrir dagvinnu og bakvakt.
- Nýr krókheysisbifreið var keypt sem leysa á að hólmi tvær eldri bifreiðar.
- Vatnstankur á krókheysisbifreið.
- Ný hitamyndavél var sett í bifreið sem staðsett er í vogum.
- Eldgallar og hjálmar voru endurnýjaðir á árinu.
- 4 ný tæki fyrir köfunardeild.

Forvarnarsvið - eldvarnareftirlit

Starfsmenn

Á forvarnarsviði Brunavarna Suðurnesja starfa fjórir starfsmenn. Helstu verkefni sviðsins eru eldvarnareftirlit, umsagnir vegna byggingarmála, fræðsla til almennings og fyrirtækja auk annarra verkefna sem tengjast brunavörnum og öryggi á starfssvæðinu.

Starfsmenn sviðsins vinna einnig náið með útkallsdeild slökkviliðsins og aðstoða eftir þörfum þegar álag verður mikið í útköllum eða verkefnum slökkviliðsins.

Skoðanir, umsagnir og úttektir

Eldvarnaeftirlit Brunavarna Suðurnesja vinnur náið með byggingarfulltrúum í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Vogum. Þá er einnig gott samstarf við Vinnueftirlit ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Landhelgisgæslu Íslands, sýslumanninn á Suðurnesjum og Lögregluna á Suðurnesjum.

Á árinu 2025 voru framkvæmd eftirfarandi verkefni á sviði eldvarnaeftirlits:

- 549 skoðanir á fyrirtækjum og stofnunum.
- 27 endurkomur vegna athugasemda.
- 108 loka og öryggisúttektir.
- 113 umsagnir vegna byggingarmála og breytinga á húsnæði.
- 32 fræðsla til fyrirtækja og einstaklinga í eldvörnum og skyndihjálpi.
- 8 Rýmingaræfingar.

- 91 yfirferðir á teikningum.
- 9 mál tengd óleyfisbúsetu.
- 166 önnur verkefni.

Undir liðnum önnur verkefni er fræðsla sem ekki er skilgreind í tölfræði og aðstoð eftirlits við útkallsdeild.

Óleyfisbúseta

Á árinu hófst sérstakt átak í samstarfi við Reykjanesbæ, Lögregluna á Suðurnesjum, Vinnueftirlit ríkisins og verkalyðsfélög til að bregðast við auknum áhyggjum vegna óleyfisbúsetu.

Töluverð vinna hafði áður Veri lögð í að kortleggja stöðuna, en með þessu átaki var ákveðið að fara í markvissari aðgerðir til að bæta öryggi og aðbúnað fólks sem býr í húsnæði sem ekki er ætlað til íbúðar. Slík mál geta haft í för með sér verulega brunahættu og því mikilvægt að þau séu tekin föstum tókum.

Áform eru um að halda áfram sambærilegu átaki í samstarfi við Suðurnesjabæ og Voga.

Sérverkefni og eftirlit

Í ágúst fóru starfsmenn Brunavarna Suðurnesja í hringferð á ratsjár- og fjarskiptastöðvar sem eru reknar af Landhelgisgæslu Íslands. Heimsóttar voru stöðvarnar á Stokksnesi, Gunnólfsvíkurfjalli og Bolafjalli. Á þessum stöðum voru framkvæmdar eldvarnaskoðanir samkvæmt samningi við Landhelgisgæsluna.

Í tengslum við heimsóknirnar var einnig haldin fræðsla fyrir slökkvilið á svæðinu þar sem meðal annars var kynnt notkun sýndarveruleika frá FLAIM Systems. Þar var sýnt notkun á handslökkvitæki, var farið í þjálfun og viðbrögð við mismunandi eldsupptökum í öruggu þjálfunarumhverfi með búnaðinn.

Fræðslan gaf slökkviliðum á svæðinu tækifæri til að kynnast nýjum þjálfunaraðferðum og æfa notkun slökkvitækja við raunhæfar aðstæður.

Kynningar fræðsla og forvarnir

Á árinu sinntu Brunavarnir Suðurnesja fjölbreyttri fræðslu- og kynningarstarfsemi fyrir hópa og gesti sem heimsóttu slökkvistöðina. Þar var starfsemin kynnt og lögð áhersla á eldvarnir og öryggi.

Haldið var fræðsluerindi um eldvarnir þar sem farið var yfir:

- Réttu notkun slökkvitækja.
- Notkun eldvarnarteppa.
- Grunnatriði skyndihjálpar.

Samtals voru 32 fræðslu- og námskeiðstílfelli haldin á árinu.

Einnig voru framkvæmdar 8 rýmingaræfingar fyrir fyrirtæki, grunnskóla og leikskóla.

Meðal þátttakenda í æfingum og fræðslu voru stærri fyrirtæki á svæðinu, svo sem Verne Global og atNorth.

Á árinu var forvarnarverkefnið Logi og Glóð lagt af. Í stað þess tók Björnís brunabangsi við sem nýtt forvarnartákn í fræðslu til barna.

Forvarnarverkefni tengd Björnís brunabangsa voru 32 talsins á árinu og beindust einkum að leik- og grunnskólabörnum með það að markmiði að efla eldvarnavitund og öryggisþekkingu frá unga aldri.

Að lokum

Annarsömu ári er nú lokið hjá Brunavörnum Suðurnesja bs.

Á árinu hófst vinna við gerð nýrrar brunavarnaráætlunar fyrir starfssvæðið, en fyrri áætlun var í gildi til loka árs 2025. Ákveðið var að nýta stafrænt kerfi frá HMS við gerð nýrrar áætlunar. Töluverð vinna fór í birgðatalningu búnaðar og tækja til að færa inn í gagnagrunn brunagáttar, auk þess sem framkvæmd voru áhættumöt á helstu fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu. Vinnu við gerð brunavarnaráætlunar er nú lokið og er hún í samþykktarferli hjá aðildarsveitarfélögum Brunavarna Suðurnesja.

Áfram var haldið með markvissa vinnu við að bæta skjalastjórnun og hýsingu gagna innan Brunavarna Suðurnesja. Samhliða því var unnið að því að styrkja netöryggi á

stöðinni. Nú hefur verið komið á aðskilnaði á mismunandi starfsemi innan húsnæðis Brunavarna Suðurnesja, svo sem aðgerðarstjórnstöð (AST), útkallsdeild, skrifstofu og gestaneti. Þessi aðskilnaður eykur öryggi kerfa og bætir rekstraröryggi starfseminnar.

Á árinu var einnig farið markvisst í greiningu á útkallstíma slökkviliðs til þeirra sveitarfélaga sem standa að Brunavörnum Suðurnesja. Jafnframt var útkallstími greindur sérstaklega í úthverfum sveitarfélaganna með það að markmiði að fá skýrari mynd af þjónustustigi og viðbragðsgetu á svæðinu. Samhliða þessari vinnu var unnið að tillögu um staðsetningu annarrar slökkviliðsstöðvar á svæðinu til að bæta útkallstíma og styrkja viðbragðsgetu slökkviliðsins. Niðurstöður þeirrar greiningar voru jafnframt teknar inn í nýja brunavarnaráætlun.

Fyrir hönd Brunavarna Suðurnesja


Eyþór Rúnar Þórarinnsson
Slökkviliðsstjóri

